

Alþingi
Erindi nr. P 133/729
komudagur 18.1.2007

Menntamálanefnd Alþingis
Elísabet Rán Andrésdóttir
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. janúar 2007
2006040016/42-1
JGO/jgo

Náttúruminjasafn - umsögn um frumvarp til laga

Vísað er til bréfs menntamálanefndar Alþingis, dags. 20. nóvember sl., þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til laga um Náttúruminjasafn Íslands, 281. mál, heildarlög.

Náttúrufræðistofnun mælir með samþykkt þessa frumvarps enda löngu tímabært að öflugt sýningarsafn á sviði náttúrufræða rísi á Íslandi.

Náttúrufræðistofnun leggur þó til að 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins falli niður, enda gengur hún þvert á vilja Alþingis sem fram kom við setningu Safnalaga (nr. 106/2001), sbr. samþykktar breytingatillögur og umræður í þingtíðindum, og á það samkomulag sem náðist um þetta frumvarp á undirbúningsstigi. Ákvæðiðið í 8. gr. frumvarpsins um breytingu á 5. gr. Safnalaganna felur í sér mun viðtækari rannsóknaskyldu en 2. gr. frumvarpsins segir til um.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að gera skýran greinarmun á hlutverki og verksviði Náttúruminjasafnsins, sýningarsafnsins, annars vegar og Náttúrufræðistofnunar, vísindasafna hennar og safnastarfsemi hins vegar. Forstjóri stofnunarinnar er til reiðu búinn að koma á fund nefndarinnar og útskýra afstöðu stofnunarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson

